hvað? hvar? hvenær?

APRÍL

11 12 13 **14** 15 16 17

Mánudagur

TÓNLIST

12.00 Norski kórinn **Ra Sanglag** syngur á hádegistónleikum í anddyri **Norræna hússins**. Stjórnandi kórsins er Inga Kjæraas.

18.00 Pólski harmonikuleikarinn **Krzysztof Olczak** leikur verk eftir Johann Sebastian Bach, Luis Milan, Luis de Narvaez, Vaclav Trondheim, Arne Nordheim og Larry Lake á einleikstónleikum í **Norræna húsinu**. Einnig leikur hann tvö verk eftir sjálfan sig.

SÝNINGAR



Helgi Þorgils Friðjónsson er með einkasýningu á **Kjarvalsstöðum**. Hann sýnir þar eingöngu ný málverk.

Á **Kjarvalsstöðum** er **Ilmur Stefánsdóttir** með sýningu er hún nefnir Mobiler. Þar sýnir hún umbreytt farartæki, vídeómyndir og örsögur.

Í Listasafni Reykjavíkur, **Hafnarhúsinu**, stendur yfir sýning á **sovéskum veggspjöldum** úr eigu safnsins, sem hafa ekki komið áður fyrir almenningssjónir. **Heilbrigði, hamingja og friður** er yfirskrift sýningarinnar.



Björg Örvar er með málverkasýningu í Gallerí Sævar Karls.

Í **Hafnarhúsinu** stendur yfir einkasýning **Patrick Huse** sem nefnist **Penetration**. Sýningin er síðasti hluti trílógíu sýninga listamannsins, sem fjalla um samband manns og náttúru á norðurslóðum.



Í Listasafni Reykjavíkur, **Hafnarhúsinu**, stendur yfir sýning á **sovéskum veggspjöldum** úr eigu safnsins, sem hafa ekki komið áður fyrir almenningssjónir. **Heilbrigði, hamingja og friður** er yfirskrift sýningarinnar.

Þorbjörg Þórðardóttir veflistakona sýnir stór ofin verk í fordyri **Hallgrímskirkju**. Hún er einnig með innsetningu í glugga **Meistara Jakobs** gallerís, Skólavörðustíg 5.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

MYNDLISTARSÝNING

Á tjá og tundri

Þessa dagana virðist sem óreiðan ráði ríkjum í Kúlunni í Ásmundarsafni. Eygló Harðardóttir myndlistarmaður segir þessa óreiðu ekki ósvipaða þeirri óreiðu sem einkennir skynjun okkar á heiminum.

Eygló er þriðji listamaðurinn sem fenginn hefur verið til að sýna innsetningu í Kúlunni, sem Ásmundur Sveinsson listamaður byggði á sjötta áratug síðustu aldar. Á undan henni hafa Tumi Magnússon og Finnbogi Pétursson sýnt í þessu sérstæða rými.

„Þetta er allt svolítið hrátt hjá mér," segir Eygló. „Ég reyni að hafa það þannig til þess að halda sem flestum möguleikum opnum."

Eygló hefur sett upp fjóra fleka úr frauðplasti út frá veggjum Kúlunnar. Á flekunum eru myndir, teikningar og orð. Þar á meðal eru á einum flekanum lýsingar á draumum, sem Eygló hefur sjálfa dreymt.

„Þetta eru allt saman húsadraumar. Flestir hafa upplifað það að hlaupa eftir einhverjum rangölum eða verið staddir í helli eða kofa. Allt fer það eftir því hvernig maður er stemmdur hverju sinni og hvað maður er að spegla úr vökuástandinu."

Eygló segir draumana kannski hliðstæða því hvernig við upplifum heiminn í vöku. Við sjáum tákn alls staðar og hlutirnir tengjast innbyrðis, oft með óvæntum og frekar óljósum hætti.

Á hinum flekunum eru svo ýmsar myndir, sem Eygló hefur ýmist tekið sjálf eða klippt út úr dagblöðum og tímaritum.

„Þetta er svolítið eins og kortlagning. Við erum alltaf að bera saman eitthvað, og þetta er eins konar kortlagning á þessum samanburði. Ein mynd kallar á aðra og innbyrðis tengjast þær svo á allar á einn eða annan hátt."

gudsteinn@frettabladid.is



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR
Sýnir þessa dagana innsetningu sína í Kúlunni í Ásmundarsafni við Sigtún.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT



Besta kaffið í bænum



VIÐAR HREINSSON

Ég tek nú ekkert sérstaklega eftir því hvernig kaffi er, ætli mér finnist það ekki bara best hjá sjálfum mér. Ég nota Merrild extra dökkan og helli upp á í höndunum. Ég er ekki með poka, hann eyðilagðist hjá mér, þannig að ég verð að notast við pappírinn. Það er engin sérstök serimónía við þetta hjá mér, en ég reyni að passa upp á að kannan sem ég helli í sé heit."



SCOOTER
Það er ekki nóg með að Íslandsvinirnir í Scooter hafi fengið aðdáendur sína hér til þess að svitna í Laugardalshöll, því þeir sitja nú líka í toppsæti Íslenska listans.

Íslenski listinn

VINSÆLUSTU LÖGIN Á FM957
VIKA 15

1	Scooter	**WEEKEND**
2	50 Cent	**IN DA CLUB**
3	Junior Senior	**MOVE YOUR FEET**
4	Busted	**YEAR 3000**
5	Missy Elliott	**GOSSIP FOLKS**
6	Dannii Minogue	**I BEGIN TO WONDER**
7	Nelly feat. Justin Timberlake	**WORK IT OUT**
8	Á móti sól	**DROTTNINGAR**
9	Birgitta Haukdal	**OPEN YOUR HEART**
10	Blu Cantrell	**BREATHE**

